

# MÍÐHAFNARSVÆÐI HÚSAVÍKUR DEILISKIPULAG



Unnið fyrir Norðurþing  
af Mannviti **september og**  
**nóvember 2021**



MANNVIT

---

**Efnisyfirlit:****Skipulagsforsendur:**

Almennt um skipulagssvæðið	bls. 3
Aðstæður á skipulagssvæðinu	bls. 3
Starfsemi á skipulagssvæðinu	bls. 3
Skipulagslegar forsendur	bls. 4
Meginmarkmið deiliskipulagsins	bls. 4
Eldri hús á skipulagssvæðinu	bls. 5
Aðalskipulag Norðurbings – grundvöllur deilisk.	bls. 8

**Skipulagsákvæði:**

Nýtingarhlutfall lóða	bls. 10
Hæð bygginga og húsagerð	bls. 11
Umferð, gangstétt og bílastæði	bls. 12
Smáhýsi og torgsöluhús	bls. 12
Önnur mannvirki	bls. 12

**Viðaukar:**

A: Nýtingarhlutfall og stærð bygginga	bls. 14
B: Skýringarmynd, Hafnarstétt 19-23	bls. 16

---

Deiliskipulag þetta er unnið hjá Mannviti á Húsavík í samráði við skipulags- og framkvæmdaráð Norðurbings. Það er sett saman úr deiliskipulagi Miðhafnarsvæðis Húsavíkur sem samþykkt var í sveitarstjórn Norðurbings 12. apríl 2017 og svo deiliskipulag norðurhafnar samþykkt 19. september 2017. Deiliskipulagið samanstendur af greinargerð þessari og skipulagsupprætti í mælikvarða 1: 750 (A1) dagsettum **22.11.2021**.

**Með staðfestingu deiliskipulags þessa fellur úr gildi elda deiliskipulag frá 12. apríl 2017.**

Skipulagsbreytingin felur m.a. í sér að skipulagssvæðið er stækkað til norðurs um svæði H3 sem áður tilheyrði deiliskipulagi norðurhafnarsvæðis

---

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð skv. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123 / 2010 og var samþykkt í skipulags- og framkvæmdaráði **23.11.2021** og í Sveitarstjórn Norðurbings þann **7. 12.2021**

Deiliskipulagið var auglýst

**frá 29. júlí 2021 til 10. september 2021**

Auglýsing um samþykkt deiliskipulag birtist í  
B-deild Stjórnartíðinda

Þann .....

.....

### Almennt um skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er um 4,0 ha að flatarmáli, þar af um 1 ha hafnarsvæði með flotbryggjum, og eru mörk svæðisins sem hér segir:

Að austan: Garðarsbraut, sem er aðalgata bæjarins,

að norðan: Naustagil og um suðurhluta Naustafjöru

að sunnan: Árgil, sem afmarkar hafnarsvæðið frá suðurfjöru, og

að vestan: Bein lína um 50 – 60 m frá hafnarkanti.

Skipulagssvæðið er á sjávarbakkanum. Neðan bakka er Hafnarstétt á uppfyllingu, um 2-3 metra yfir sjávarmáli en ofan bakka er Garðarsbraut, um 10-11 m.y.s. Þá eru nokkrir stallar í bakkanum milli Garðarsbrautar og Hafnarstéttar, um 6 m.y.s.

Vegtengin milli Hafnarstéttar og Garðarsbrautar er um Naustagil og um Búðarágil, en fyrir fótgangandi eru fjölmargar leiðir sem tengja saman svæðin ofan bakka og neðan og má líta á svæðið sem eina heild, bæði útlitslega og hvað varðar hlutverk svæðisins / þá starfsemi sem þar fer fram. Þá er aðkoma að hafnarstétt einnig sunnan frá um Stangarbakkafjöru og að norðan frá um Norðurgarð. Svæðið er að mestu full byggt og nýtt í bland af fiskvinnslu og ýmiss konar útgerðartengdri starfsemi og í verslun og þjónustu, sérstaklega fyrir ferðamenn á sumrin.

Verslun og þjónusta er ríkjandi á norðurhluta svæðisins en fiskvinnsla og almenn hafnarstarfsemi á suðurhluta þess.

### Aðstæður á skipulagssvæðinu

Ofan bakka við Garðarsbraut er veitingastaður í gömlu Kaupfélagshúsunum við „Plássíð“ / Garðarsbraut 6.

Hvalaskoðunarfyrirtækin eru með smáhýsi ofan á Hafnarstétt 7 (Nausti) og Hafnarstétt 11 (Hvalbak). Verbúð er á efri hæðum Norðlenska (áður fiskvinnslufyrirtækisins Vísis) / Hafnarstétt 29, þar sem gengið er inn frá Garðarsbrautinni.

Þá eru tvö íbúðarhús á svæðinu: Formannshús / Garðarsbraut 2 og Bjarnabúð / Garðarsbraut 12.

Á stöllum í bakkanum milli Garðarsbrautar og Hafnarstéttar er veitingastaður Sölku/Pakkhússins og aðalinngangur í húsnæði Björgunarsveitarinnar (Naust).

Skrifstofustarfssemi er á annarri hæð Svartabakka / Hafnarstétt 11 og opið svæði með kirkjutröppu er á þaki Foss / Hafnarstétt 19. Frá báðum er hægt að ganga inn á efri hæð verbúðanna / Hafnarstétt 17.

Neðan bakka er Hvalasafn í gamla sláturhúsinu / Hafnarstétt 1, en aðalinngangur safnsins og upplýsingamiðstöð Húsavíkurstofu er á efri hæðinni þar sem gengið er inn frá Garðarsbraut. Þekkingarnet Þingeyinga á heima í Saltvík / Hafnarstétt 3 og Björgunarsveitin í Naust / Hafnarstétt 7. Veitingastaður og ýmis þjónusta tengd hvalaskoðun o.fl. er í nýrra húsnæði (Gamli Baukur og Hvalbakur / Hafnarstétt 9 og 11), en starfsemi í verslun og þjónustu er einnig að koma upp í eldra atvinnuhúsnæði (aðstaða Gentle Giants í „Flókahús“ og Fish and chips í „Ugga“, Hafnarstétt 13 og 21).

**Við Naustagarði:** Að Naustagarði 2 er starfsemi hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar, skrifstofa og verslun. Að Naustagarði 4 er aðstaða útgerðarfyrirtækis. Að Norðurgarði 1 er bátaslippur. Gert er ráð fyrir uppbyggingu frekari aðstöðu norðan við núverandi mannvirki.

### Starfsemi á skipulagssvæðinu

Starfsemi tengt (smábáta)útgerð er nú að mestu aflögð á og við Hafnarstétt. Áhugi er fyrir að breyta áður verbúðum/ Hafnarstétt 17 í stúdíóíbúðir. Skúrar við Hafnarstétt 5 hafa fengið nýtt hlutverk þar sem þar er aðstaða og geymslur hvalaskoðunarfyrirtækisins Gentle Giants. Sama gildir um

Hafnarstétt 13, (Flókahús) þar sem aðsetur hvalaskoðunarfyrirtækisins Gentle Giants er til húsa. Við Hafnarstétt 15 og 19 er eina starfsemin sem eftir er og má tengja bátaútgerð.

Sunnan við Barðann (Hafnarstétt 23) var starfsemin á hafnarsvæðinu einkum tengd útgerð og fiskvinnsla, en þau hús eru nú í eigu Norðlenska sem nýtir frystigeymslur og húsnæði tengdri sinni starfsemi. ( Hafnarstétt 25-31). Í gömlu síldaverksmiðjunni (Hafnarstétt 33) er að mestu laust húsnæði eins og er. Gert er ráð fyrir að aðstaða hafnarinnar og hafnarvog að Hafnarstétt 35 verði fjarlægð og lóðin felld undir athafnasvæði hafnarinnar.

Starfsemi á hafnarsvæði við Naustagarð og kemur nú inn í deiliskipulag miðhafnarsvæði eru skrifstofur og aðstaða hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursigling, Naustagarður 2. Við Naustagarð 4 hefur um árabíl verið rekin saltfiskvinnsla en er nú aflögð.

Nyrst á skipulagssvæðinu er slippurinn, Norðurgarður 1 og í fullri notkun.

### **Skipulagslegar forsendur:**

Í janúar 1998 samþykkti bæjarstjórn Húsavíkur deiliskipulag á svæðinu, sem nefnt var „Húsavík, Hafnarsvæði – miðhluti“.

Í greinargerð þess skipulags er farið yfir sögu svæðisins og segir m.a.: „*Á þessu svæði var grunnur lagður að þéttbýlismyndun á Húsavík með tilkomu útgerðar- og verslunarhúsa Kaupfélags Þingeyinga.*“ Þá er sagt frá því hvernig uppbygging á uppfyllingunni neðan bakka var tengd smábáta-útgerð, en því næst segir í greinargerðinni: „*Á allra síðustu árum hefur annars konar starfsemi sótt inn á þetta svæði, m.a. hvalaskoðunarferðir með ferðamenn og hefur umferð um svæðið aukist mikið við það og einnig eftirspurn eftir lóðum vegna þessara umsvifa.*“

Eftir að deiliskipulagið var unnið fyrir 19 árum síðan hefur ýmislegt gerst sem kallar á endurskoðun og breytingu á deiliskipulaginu. Rétt er að nefna sex þætti:

- a) Útgerðin hefur breyst: Togaraútgerð frá Húsavík hefur lagst af, en smábátaútgerð aukist töluvert, sérstaklega með tilkomu öflugra línubáta með beitingavélum
- b) Hafnarsvæðið hefur breyst: Hafnarstéttin var 2010-2011 breikkuð um 10 m á nýju uppfyllingunni og nýjum flotbryggjum komið fyrir í suðurhluta hafnarinnar.
- c) Ferðamönnum hefur fjölgað: Umferð ferðamanna á hafnarsvæðinu (og í miðbæ Húsavíkur) hefur aukist gríðarlega: Þegar deiliskipulagið var gert árið 1997 fóru um 14.000 í hvalaskoðun frá Húsavík. 10 árum síðar var fjöldinn þrefaldur ( 41.000 árið 2007) og núna má búast við að allt að 80 – 100.000 á ári fari í hvalaskoðun frá Húsavík.
- d) Nýtt aðalskipulag á svæðinu: Með aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, samþykkt des. 2010, með breytingu samþykktri í bæjarstjórn Norðurþings 18. September 2012 og tók gildi 21. nóvember sama ár er svokallaður „skipulagsrammi fyrir miðbæ Húsavíkur“ sem gerir ráð fyrir ýmsum breytingum á hafnarsvæðinu . [ Í Aðalskipulaginu segir að markmið skipulagsrammans séu grundvöllur deiliskipulagsvinnu, en að umfangullur rammans um tækifæri sé aðeins leiðbeinandi ].
- e) Umfang ferðamanna á sumrin eru nú orðin það umfangsmikil að ástæða er til að tengja hana Naustagarði, en þar er fyrirhugað að leyfa torgsölu í stað svæðis sunnan Helguskúrs/ Hafnarstétt 15.
- f) Sundi milli Hafnarstéttar 1 og 3 verður lokað fyrir umferð, en þess í stað skilgreindur nýr byggingarreitur fyrir tengibyggingu milli húsanna. Að auki verður byggingarreitur Hafnarstéttar 3 stækkaður til austurs og bílastæði sem þar eru felld niður. Tengibygging og stækkun til austurs verður ein hæð.

### **Meginmarkmið deiliskipulagsins:**

1) Eins og sjá má af ofangreindu er norðurhluti deiliskipulagssvæðisins nokkuð flókin en skemmtileg blanda af starfsemi, húsagerð og gönguleiðum sem í rás tímans hafa komið upp neðan bakka og ofan - og á stöllum þar á milli. Á meðan suðurhluti svæðisins er hefðbundið hafnarsvæði þar sem

starfsemin var að mestu tengd útgerð og fiskvinnslu, en er nú notuð af matvælafyrirtækinu Norðlenska.

> Markmið deiliskipulagsins er að halda þessari blöndu en samtímis stjórna umferð á hafnarsvæðinu. [ Aðal gönguleið meðfram hafnarkanti, aðskilin frá akbraut með bílastæðum. ]

2) Nokkuð stórt svæði við Hafnarstétt – frá kirkjutröppum að síldarverksmiðjunni gömlu – er óbyggt (burtséð frá hafnarviggtinni). Svæðið þjónar mikilvægu hlutverki í lífi bæjarins, m.a. samkomu- og sýningarsvæði við ýmsa viðburði, en er þar að auki nýtt sem bílaplan og almennt athafnasvæði.

> Markmið deiliskipulagsins er að halda svæðinu sem óbyggðu fjölnotasvæði þrátt fyrir eftirspurn eftir húsnæði á hafnarsvæðinu.

[ Bent er á að hægt er að bæta við starfsemi í núverandi byggingum / á lóðum þar sem húsnæði er annað hvort laust eða lítið nýtt. Sérstaklega má benda á Hafnarstétt 21 og 23 („Uggi“ og „Barðinn“), Hafnarstétt 25-31 og Hafnarstétt 33 (Síldarverksmiðjan gamla) ].

3) Í deiliskipulagi frá 1998 segir m.a: „Húsin við Bakkann verða lítið breytt. Þau mynda áfram baksvið fyrir athafnalífið á uppfyllingunni. Haldið er þeirri gömlu skipulagshugmynd, að fylla megi upp röðina með byggingum sem ná ekki upp fyrir götulínu Garðarsbrautar og þök þeirra nýtist sem bílastæði í tengslum við umferðarkerfi bæjarins ásamt göngusvæði með góðu útsýni yfir höfnina.“

> Markmið deiliskipulagsins er að hafa þessa ágætu skipulagshugmynd að leiðarljósi og takmarka byggingu ofan bakka / vestan við Garðarsbraut eins mikið og kostur er.

4) Á andanförnum árum hefur starfsemi á hafnarsvæði H3 tekið breytingum og hlutfall ferðaþjónustu aukist á svæðinu. Með fyrirhugaðri breytingu er verið að sameina skipulagssvæði þannig að þau svæði sem mest eru nýtt af ferðaþjónustufyrirtækjum falla undir sama skipulagssvæði. Ferðaþjónusta er vaxandi starfsemi á Húsavík sem er í sífelltri þróun. Fyrirhugaðar breytingar á skipulagi koma til með að einfalda umfjöllun og vinnu við breytingar ef svo ber undir. Samhliða að H3 kemur nú inn í deiliskipulag miðhafnar er svæðið fellt út úr deiliskipulagi norðurhafnar.

### Eldri hús á skipulagssvæðinu

Samsíða úrvinnslu á deiliskipulagi var unnið að húsakönnun á miðhafnarsvæðinu skv. 37.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Húsakönnunin er unnin af Arnhildi Pálmadóttur arkitekt FAÍ og segir frá sögu svæðis og húsa – og frá varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga.

Það er álit Skipulags- og framkvæmdaráðs og sveitarstjórnar Norðurþings að ekki sé þörf á sérstakri verndunarákvæði / hverfisvernd á miðhafnarsvæðinu, en við ákvörðun um breytingar og umsókn um byggingarleyfi á miðhafnarsvæðinu mun Skipulags- og byggingarnefnd hafa hliðsjón af húsakönnunni.

Uþb. helmingur allra húsa á miðhafnarsvæðinu eru byggð fyrir 1950. Hér á eftir er sagt örstutt frá þeim húsum og hugsanleg framtíð þeirra á skipulagstímabilinu:

Þrjú hús / byrpingar eru byggð fyrir eða um aldamótin 1900:

> Garðarsbraut 6, Söludeild o.fl. (Garðar 1883, Pakkhúsið 1886 og Söludeild 1902)

> Garðarsbraut 2, Formannshús (1898)

> Garðarsbraut 12, Bjarnabúð (1907)

Þessi hús falla undir ákvörðun 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem segir: „Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Húsunum hefur verið haldið vel við síðustu árin og setja mikinn svip á miðbæ Húsavíkur og á Hafnarsvæðið. Gert er ráð fyrir að þau hús muni standa óbreytt til framtíðar.

Þrjú hús eru byggð 1920–1939:

- > Saltvík, Hafnarstétt 3 (1920)
- > Sláturhús / hvalamiðstöð, Hafnarstétt 1 (1931)
- > Síldarverksmiðja, Hafnarstétt 33 (1936 / síldapró 1960)

Saltvík fellur undir ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem segir:

*„Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis“.*

Saltvík rúmar nú ýmsa skrifstofustarfsemi. (Hafnarstétt 3) Húsið er nýuppgert og til mikillar þrýði á hafnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að húsið muni standa óbreytt til framtíðar. Heimiluð verður viðbygging til austurs frá húsinu. Kvöð er um akstur neyðarbíla syðstu 2 metra á lóðinni. Til viðbótar er tveggja metra göngustígur og mynda þannig 4m breiðan akstíg. Akstursleið skal ávallt vera opin fyrir neyðarumferð, en lokuð almennri umferð.

Í gamla sláturhúsinu er nú Hvalasafn. Hafnarstétt 1. Húsið er nýlega uppgert að innan og er hlutverk þess mikilvægur miðpunktur fyrir ferðamennsku á svæðinu. Þar að auki afmarkar húsið miðhafnarsvæðið og lítið torgsvæði með eðlilegum hætti. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á húsinu sjálfu (nema etv. viðbót með anddyri til austurs og/eða til suðurs). Búið er að rífa viðbyggingar með skúrþökum norðan til á húsinu. Horfið er frá þeim áformum að stækka Hvalasafnið til norðurs, þess í stað verði svæðinu breytt í bílastæði fyrir Hafnarstétt 1 og 3. Áformað er að heimila tengibyggingu milli hvalasafnsins og Saltvíkurhússins (Hafnarstétt 3)


Í Síldarverksmiðjunni gömlu – allra syðst á skipulagssvæðinu – er að mestu laust húsnæði. Ekki er til áætlun um endurbyggingu hússins eins og er, en skorað er á eigendur að virða útlit verksmiðjuhússins sem best og verði það metið þegar sótt er um byggingarleyfi.

Æskilegt væri að rífa síldarþróna nyrst á verksmiðjuhúsinu – að hluta til eða að fullu – og eru það forsendur fyrir að leyfa viðbyggingu við verksmiðjuhúsið.


Þrjú hús eru byggð 1940–1950:

- > Foss, Hafnarstétt 19 (1942)
- > Uggi, Hafnarstétt 21 (1946)
- > Barðinn, Hafnarstétt 23 (1949)

Húsin eru byggð um eða rétt eftir stríð. Þau eru nokkuð veikburða og nýting þeirra tiltölulega lítil miðað við gildi svæðisins. Gert er ráð fyrir að einhvern tíma verði þau hús etv. rifin og ný hús byggð í staðinn, með sömu staðsetningu og núverandi hús og aðallega á tveimur hæðum (Efri hæð Foss takmarkað vegna útsýnis til kirkju, en smáhýsi leyfð ofan á efri hæð Ugga og Barða.



Aldur núverandi bygginga á svæði deiliskipulagsins



Hæð núverandi bygginga á svæði deiliskipulagsins



Útsýni yfir miðhafnarsvæði Húsavíkur: Frá gamla sláturhúsi (tv.) að gömlu síldarverksmiðjunni (th.) Skúrbyggingar norðan við gamla sláturhúsið hafa verið rifnar.

\* \* \*

[ Nýrri hús, byggð eftir 1950: Skúrar Hafnarstétt 5 (1950 / 1960), Naust Hafnarstétt 7 (1951), Flókahús Hafnarstétt 13 (1958), Helguskúr Hafnarstétt 15 (1958), Verbúðir Hafnarstétt 17 (1965), Norðlenska. áður FH/Vísir Hafnarstétt 25-31 (1950/ 1966/1973/1983), Vigtar-skúr Hafnarstétt 35 (1996), Gamli Baukur/Skipasmíðastöðin Hafnarstétt 9 (1998), Svartibakki Hafnarstétt 11 (2005).

Hús byggð eftir 1980: Naustagarður 2 (1983), Naustagarður 4 (1985), Hafnarstétt 9-Gamli Baukur (1998) og Hafnarstétt 11 – „Svarti Bakki“ (2005).

### Aðalskipulag Norðurlands – grundvöllur deiliskipulagsins

Í aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 sem var samþykkt af umhverfisráðherra þann 22. des. 2010 eru skilgreindir þrjú landnotkunarflokkar á svæði deiliskipulagsins:

1: Miðsvæði (M1) er meðfram Garðarsbraut (ofan bakka) frá Naustagili og rúmlega að gatnamótum Garðarsbrautar og Stóragarðs.

[ Svæðið er hluti af samfelldu miðsvæði bæjarins, M1, sem er að öðru leyti austan við Garðarsbraut ]

2: Hafnarsvæði (H5) er syðst á svæðinu og nær yfir fiskvinnslufyrirtæki (Vísir), gömlu síldarverksmiðjuna, hafnarvigt og almennt athafnasvæði umhverfis hana.

[ Svæðið er hluti af samfelldu Suðurlandsvæði, H5, sem er að öðru leyti við Suðurgarð ]

3: Blandað svæði fyrir verslun og þjónustu (V1) og hafnarsvæði (H4) er aðallega á Hafnarstéttinni norðan við „Norðlenska“ og hafnarvog. Þá telst hluti hafnarsvæði H3 til blandaðs svæðis.

4: Hafnarsvæði H3 er nyrst á svæðinu nær yfir slippinn, aðalstöðvar Norðursiglingar, Naustagarður 2 og fiskverkun Naustagarður 4.

Um hafnarsvæðið og blandaða svæðið segir í aðalskipulagi 2010-2030 með síðari tíma breytingum:

H5	<b>Suðurlandsvæði</b> Suðurgarður og suðurhluti hafnarsvæðisins þar sem eru stærri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki. Vaxtarmöguleikar eru á landfyllingu til suðurs og einnig gæti fyrrum húsnæði rækjuvinnslunnar nýst til frekari umsvifa núverandi starfsemi eða nýrrar starfsemi. Talsverðir flutningar eru á fiski til og frá svæðinu og innan þess.	Svigrúm er fyrir frekari starfsemi tengdri fiskvinnslu og útgerð. Gert er ráð fyrir að hafnarsvæði Suðurlandsvæðis muni stækka u.þ.b. 40 m til vesturs með um 4.000 m <sup>2</sup> landfyllingu. Tryggðar verði öruggar og aðgengilegar flutningaleiðir til og frá hafnarsvæðinu og innan þess þannig að sem minnst óhagræði verði fyrir bæði fiskvinnsluna og aðra starfsemi á hafnarsvæðinu.
V1 / H4	<b>Bakkinn og Hafnarstétt</b> Svæðið tekur til bakkans og Hafnarstéttarinnar frá gamla slippnum að Árgili. Á svæðinu er hafntengd starfsemi, aðstaða smábátaútgerðar og ferðaþjónusta í bland. Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki sem tenging miðbæjarins við höfnina og sjóinn.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimil, sem falla að hlutverki svæðisins sem hafnarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis í nánnum tengslum við miðbæ. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á þessu svæði. Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í kafla 25 um miðbæ Húsavíkur. Gert er ráð fyrir breikkun á Hafnarstétt (um 0,3 ha). Byggingar og rými í bakkanum sjálfum og neðan hans falla undir blandaða landnotkun verslunar- og þjónustustarfsemi og hafnarstarfsemi, sbr. svæði 3 í 25. kafla um miðbæinn. Byggingar og svæði ofan á bakkanum falla hinsvegar undir miðsvæði, sbr. svæði M1. Í Aðalskipulagi Húsavíkur 2002-2025 var svæðið skilgreint sem hafnarsvæði.



H3	<b>Naustagarður</b> Svæði norðan við Hafnarstétt þar sem fram fer starfsemi tengd smábátútgerð, iðnaði og ferðaþjónustu á sjó.	Gert er ráð fyrir starfsemi tengdri útgerð og ferðaþjónustu á sjó. Gamla slíppnum verði viðhaldið
----	---	---

Í „skipulagsramma fyrir miðbæ Húsavíkur“ sem fylgir aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030 segir í markmiðum skipulagsrammans fyrir blandaða svæðið neðan bakka og í bakkanum sjálfum:

„Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- > Að viðhalda stöllum í bakkanum og bæta tengsl á milli þeirra.
- > Að skilgreina sjónása til kirkju sem skal varðveita.
- > Að skapa nýtt torg sunnan húsnæðis Hvalasafnsins.
- > Að benda á staði þar sem viðhalda ætti hefðbundnum atvinnugreinum.
- > Að skilgreina áherslur við landslagsmótun og umhverfisfrágang.“

Samkvæmt texta aðalskipulagsins séu markmið skipulagsrammans grundvöllur deiliskipulagsvinnu.

\* \* \*

Deiliskipulag þetta er í samræmi við Aðalskipulag Norðurbings 2010-2030 – með síðari tíma breytingu og við markmið sem sett er fram í skipulagsramma fyrir miðbæ Húsavíkur-

\* \* \*



Gildandi aðalskipulag Norðurbings 2010 – 2030



Með því mun byggingamagn á lóðunum ekki fara fram yfir það sem skilgreint er hér að ofan. Við Naustagarð og Norðurgarð eru nýtingarhlutföll 0,2 við slippinn Norðurgarður 1 og á bilinu 0,5 við Naustagarð 2 og 4.

Nýtingarhlutfall lóða að Garðarsbrautinni, þ.e. Formannshús (0,3), Söludeild o.fl. (0,5) og Bjarnabúð (0,6) samsvarar núverandi nýtingu og er aðeins til upplýsinga. Um er að ræða gömul hús byggð fyrir eða um aldamótin 1900 og ekki er gert ráð fyrir breytingum eða viðbyggingum við þau hús.

Við Naustagarð, Skilgreindur er stækkaður byggingarreitur við Naustagarð 2. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verði 0,5. Naustagarður 4 telst fullbyggð lóð. Nýtingarhlutfall Norðurgarðs 1 er 0,2.

[ í viðauka 1 er hægt að sjá núverandi nýtingarhlutfall lóða – og hvaða viðbótarnýting er leyfð innan ramma deiliskipulagsins ]

### Hæð bygginga og húsagerð:

Neðan bakka meðfram Hafnarstéttinni skulu byggingar vera tveggja hæða eða hæð og portbyggt ris og hámarkshæð frá götu framan við hús að mæni 7,5 m.

Þakhall milli 25° og 45° og mænisstefna þvert á götu. Klæðningarefni skal vera bárujárn, borðaklæðning, steinsteypa eða málaðar sléttar plötur, gluggar og hurðir úr tré eða málm. Litir skulu samþykktir af byggingarfulltrúa. Að öðru leyti er húsagerð frjál.

Við nýbyggingu / endurbyggingu á húsum skal almennt fylgja ákvæðum deiliskipulagsins um byggingarreit, byggingarskilmála o.fl. Þó er hægt að víkja frá ákvæðum um að gafli húsa skuli snúa að Hafnarstétt – á þeim forsendum að jafn breiðir gafkvistir komi í staðin.

Víkja má frá ákvæðum um hámark mænishæðar 7,5 m á húsi gömlu síldarverksmiðjunnar, Hafnarstétt 33, sé þörf á því til að ganga frá burðarvirki og einangrun yfir núverandi þak.

Neðan bakka / í bakkanum sjálfum skulu byggingar almennt vera tveggja hæða með lárétt þak sem myndar hluta af almenna bæjarsvæðinu við Garðarsbraut.

Á lóðinni Hafnarstétt 7 (Naust) eru þó leyfðar 3 hæðir: Í eldra deiliskipulagi segir „Núverandi hús hækkað um eina hæð (mæni um 5,5 m yfir götulínu)“ og ákveðið hefur verið að halda þeirri ákvörðun óbreyttri í deiliskipulagi þessu.

Á lóðunum Hafnarstétt 11, 17 og 21 er heimilt að byggja allt að 45 m<sup>2</sup> ofan á þak annarrar hæðar og hæð húss verði að hámarki 3,5m yfir yfirborði þaks.

Á Hafnarstétt 23 er heimilt að byggja allt að 100 m<sup>2</sup> hús ofan á núverandi þak. Horft er til þess að hús ofan á þökum Hafnarstéttar verði með valmaþökum þannig að efsti punktur þaks nái ekki meira en 1,8 m yfir götuhæð Garðarsbrautar. Á lóðinni Hafnarstétt 19 (Foss) er umfang annarrar hæðar takmarkað til að halda óskertu útsýni frá hafnarsvæðinu til kirkjunnar.

Jafnframt er heimilt að gera svalir á Hafnarstétt 21 og 23 til vesturs að lóðarmörkum. Heimilt er að reisa einna hæðar viðbyggingu við Hafnarstétt 3. Gildir einnig um tengibyggingu við Hafnarstétt 1. (sjá skýringarmynd viðauka B, bls. 12. Ath. skýringarmynd hefur ekki verið uppfærð til samræmis við breytingar)

Ekki eru sérstök ákvæði um byggingarefni eða liti á þessu svæði.

Við Naustagarð má mænishæð á viðbyggingu við Naustagarð 2 vera til samræmis við mænishæð á núverandi húsi. Naustagarður 4 telst fullbyggð lóð og því ekki skilgreind hámarkshæð. Norðurgarður 1 er hæð að mæni 6,5m

Ofan bakka við Garðarsbrautina eru nú stök tveggja hæða hús sem eru með elstu húsum bæjarins. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim, og sama á við tvær hæðir ofan Garðarsbrautar sem eru á lóðinni Hafnarstétt 25-31 (Norðlenska).

Markmið deiliskipulagsins er að ofan bakka / vestan við Garðarsbrautina verði byggt eins lítið og kostur er, til að halda sögulegri bæjarmynd og útsýni milli miðbæjar og hafnarsvæðis.



### Umferð – gangstétt og bílastæði

Mikil umferð er á skipulagssvæðinu, sérstaklega á sumrin. Gangandi umferð ferðamanna á Hafnarstéttinni er stundum gríðarleg og er það markmið deiliskipulagsins að leita leiða til að stjórna umferðinni betur og minnka slyshættu.

Aðal gangstétt verður afmörkuð meðfram hafnarkanti, aðskilin frá akbraut með svæði fyrir bílastæði skipt í hólf. Við flotbryggjur koma útskot á gangstéttinni, misstór eftir þörfum og milli þeirra koma minni útskot með borðum og bekkjum. Gangbraut kemur að þeim flotbryggjum sem nýttar eru í hvalaskoðun. Meginregla: 3 m gangstétt meðfram grjótkanti + 5 m svæði fyrir bílastæði og útskot gangstéttar + 7,5 m akbraut + upb. 3 m að lóðamörkum, nýtt sem gangstétt / almennt umferðasvæði.

Bílastæði: Gert er ráð fyrir allt að 35 bílastæðum við aðal gangstétt sem sagt er frá hér að ofan, 25 fyrir fólksbíla og 10 fyrir stærri bíla syðst á svæðinu. Þar að auki eru skilgreind bílastæði fyrir 14 bíla (8 fólksbíla og 6 stærri bíla) á hafnarsvæðinu sunnan Helguskúrs (Hafnarstétt 15). Skammtímarútustæði eru við aðal gangstétt gegnt Hvalasafni/Hafnarstétt 1 og Saltvík/Hafnarstétt 3, og á ferðamannatímanum einnig gegnt Gamla Bauk. Að öðru leyti eru rútustæði utan skipulagssvæðis, við Suðurfjöru og víðar. Skilgreind eru bílastæði fyrir fatlaða en að öðru leiti eru slík bílastæði innan lóða og lóðarhafi leysi þau skv. byggingarreglugerð.

Ath: Sveitarstjórn getur ákveðið að takmarka / breyta notkun bílastæða tímabundið, sé þörf á því.

**Smáhýsi, torgsöluhús:** Svæði við flotbryggjur merkt < S > hafa verið felld út og breytt í bílastæði.

Jafnframt svæði fyrir 8 smáhús sunnan Helguskúrs (Hafnarstétt 15) verið felld út.

Í staðin hefur svæði fyrir torgsölu merkt < T > skilgreind vestan Naustagarðs 4.

Hús eða hverskonar aðstaða fyrir torgsölu eru háð stöðuleyfum hverju sinni skv. byggingareglugerð.

### Önnur mannvirki

Í deiliskipulaginu eru nú skilgreindir nýir viðlegukanntar utan á Naustagarð og inn með honum norðanverðum. Tilgangur með þessum viðlegukönntum er að létta á viðleguplássi innri hafnar, enda það orðið fullnýtt að sumarlagi. Sívaxandi umferð skúta og annara skemmtibáta um höfnina kalla einnig á aukið viðlegupláss. Loks mun þessi fyrirhugaða viðlega styðja við starfsemi í slippnum. Eingöngu verður heimilt að leggja smærri bátum að þessari viðlegu. Gert er ráð fyrir að þessar nýju

bryggjur verði hefðbundnar timburbryggjur líkt og nú eru við innanverðan Naustagarð. Hæð á bryggjum má vera allt að hálfum metra yfir núverandi bryggjum við Naustagarð

## VIÐAUKI A:

### Nýtingarhlutfall og stærð bygginga

H Ú S A V Í K H A F N A R S V Æ Ð I	bygging skv. fmr. m2	lóð skv. nýja deiliskip	núv. nýt. hlutf.	hámarks nýtingar hlutfall	hám. m2	viðb. m2	ath:	
Hafnarstétt 01	Hvalamiðstöð	1326	2484	0,53	0,7	1739	413	[1]
Hafnarstétt 03	Saltvík	425	825	0,52	0,85	701	276	
Hafnarstétt 05	Aðstaða Gentle Giants	71	332	0,21	0,63	209	138	
Hafnarstétt 07	Naust Tækjageymsla	625 51	675	0,93	1,8	1215	590	[2]
Hafnarstétt 09	Gamli Baukur	219	447	0,49	0,6	268	49	
Hafnarstétt 11	Svartibakki	352	392	0,31	0,9	353	0	[3]
Hafnarst. 13	Flókah.	255,1	231	1,1	1,6	370	115	
Hafnarstétt 15	Helguskúr	164,4	302	0,54	1,0	302	137	
Hafnarstétt 17	Verbúðir [A]	900	637	1,41	1,5	956	56	
Hafnarstétt 19	Foss	166	432	0,38	1,0	432	266	[4]
Hafnarstétt 21	Uggi	490	369	1,33	1,6	590	100	[5]
Hafnarstétt 23	Barðinn	563	375	1,50	1,77	663	100	[6]
Hafnarst. 25-31	Hraðfrýstihús [B]	4300	3156	1,49	1,6	5050	750	[7]
Hafnarstétt 33	Sildarverksm. [C]	1000	1625	0,53	0,8	1300	-300	[8]
Hafnarstétt 35	Vigtarhús	52	540	0,10	0,1	54	2	[-]
Garðarsbr. 2	Formannshús	337	1167	0,29	0,3	347	10	[-]
Garðarsbr. 2A	spennistöð	24	34	0,71	0,9	31	7	[-]
Garðarsbr. 6	söludeild o.fl	731	1448	0,50	0,5	731	0	[-]
Garðarsbr. 12	bjarnabúð	197	333	0,59	0,6	200	3	[-]
Naustagarður 2	Skrifst/verslun	480	2490	0,19	0,5	1245	765	[-]
Nustagarður 4	Skrifst/geymsla	306	761	0,40	0,5	380	75	[-]
Norðurgarður 1	Óbyggð lóð	0	2615		0,2	523		[-]

[A] Verbúðir: stærð núv. byggingar óviss: Skv. f.skrá 0 m2 Áætl: 31,5x15 + 31,5x13,5 = 898 m2

[B] Frýstihús: stærð núv. byggingar óviss: Skv. f.skrá 1888 m2

áætl 25	323 m2 x 1 hæð	323
áætl 27	326 m2 x 2 hæðir	652
áætl 29	426 m2 x 4 hæðir	1.704
áætl 31	840 m2 x 2 hæðir	1.680
Samtals m2:		4.359


[C] Sildaverksm. stærð skv. fasteignaskrá: verksmiðja 666 m2 + sildarpró 334 m2 = 1000 m2

- 1] Hvalamiðstöð byggingarreitur norðan húss aflagður. Stærð húss endurmetin þar sem búið er að rífa viðbyggingar norðan hússins.
- [2] Naust 222 m<sup>2</sup> ofan á Nausti plús 17x9 = 153 m<sup>2</sup> tækjageymsla norðan við hús
- [3] Svartibakki byggingarreitur ofan á Svartabakka, 13 x 17,4 = 226 m<sup>2</sup>
- [5] Uggi byggingarreitur 100% byggður í tveimur hæðum + 40 m<sup>2</sup> efst = samtals 590 m<sup>2</sup>
- [6] Barðinn byggingarreitur 100% byggður í tveimur hæðum + 100m<sup>2</sup> efst = samtals 599 m<sup>2</sup>
- [7] Frystihús Ný hæð sunnan við Barðann verður um 325 m<sup>2</sup> auk viðbyggingar framan við frystiklefa 276 m<sup>2</sup>.
- [8] Sildarverksm. dæmi: sildarþró rifin, verksm.hús að hluta til á tveimur hæðum = 1300 m<sup>2</sup>

[ - ] Þýðir: Nýtingarhlutfall aðeins til viðmiðunar, viðbygging á ekki við

---

Skýringarmynd, byggingarreitir á lóðunum Hafnarstétt 19-21-23 (Foss-Uggi-Barðinn)



Hæðartölur til viðmiðunar:

- kóti 2,5 : Hafnarstétt við suðurmörk verbúða ( upb. 2,5 metra yfir sjávarmáli )
- kóti 6,0 : Plata yfir neðri hæð (neðri hæð brúttó 6,0 – 2,5 = 3,5 m)
- kóti 9,0 : Plata yfir efri hæð (efri hæð brúttó 9,0 – 6,0 = 3,0 m )
- kóti 11,0 : Garðarsbraut við kirkjutröppu (11,0 – 9,0 = 2,0 m yfir torgsvæði)
- kóti 11,3 : Garðarsbraut við Bjarnabúð (11,3 – 9,0 = 2,3 m yfir torgsvæði)
- kóti 13,0 : Efsti punktur uppþypps þaks (13,0 – 11,2 = 1,8 m yfir Garðarsbraut)

